



### **3. Ungt fólk sem við upphaf kennsluferils síns hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við störf sín**

Karólína Einarisdóttir lauk B.Ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands vorið 2007 og hóf kennslu þá um haustið við Akurskóla í Reykjanesbæ.

Karólína er hugmyndaríkur frumkvöðull í kennslu og hefur verið í forsvari fyrir þróunarverkefni á sviði útikennslu. Hún leiddi samstarf Akurskóla við leikskólana Holt og Akur um útikennslu svo og samstarf við umhverfissvið Reykjanesbæjar í þeim tilgangi að hanna útikennslusvæði í nágrenni skólans. Karólína hefur undirbúið verkefnið og ásamt völdum hópi samstarfsfólks fundið leiðir til að gera útikennslusvæðið að veruleika. Verkefnið tengist áhuga Karólínu á að samþætta myndlist og útikennslu við aðrar námsgreinar. Þar hefur hún veitt samkennurunum sínum bæði innblástur og gagnlega handleiðslu.

Á þennan máta hefur Karólína beitt sér faglega við eflingu útikennslu og samþættingar meðal eigin nemenda og samstarfsmanna en ekki síður í þágu sveitarfélags síns í samstarfi við leikskóla.

Karólína hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum og var til að mynda varatrúnaðarmaður kennara í Akurskóla árin 2007-2009. Hún sat einnig í undirbúningshópi við að skipuleggja námsför kennara til Minneapolis og var tengiliður Akurskóla við þá fjóra skóla sem heimsóttir voru ytra.

Með störfum sínum og framgöngu hefur Karólína Einarisdóttir sýnt að hún er verðugur fulltrúi ungra kennara sem leggja mikla alúð, fagmennsku og metnað í störf sín nemendum, samstarfsmönnun og nærsamfélagi sínu til heilla.